

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 1. ágúst 1974

um fyrstu breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkja
anna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(74/411/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrsta málslið fyrstu málsgreinar 15. gr. tilskipunar ráðsins 73/241/EBE ⁽¹⁾ frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkja varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis er kveðið á um að ef nauðsyn beri til skuli aðildarríkin breyta lögum sínum í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar innan eins árs frá birtingu hennar.

Svo virðist sem orðalag tiltekinna ákvæða umræddrar tilskipunar kunni að leiða til ólíkrar túlkunar og því beri að orða þau af meiri nákvæmni.

Framkvæmdastjórnin hefur lýst því yfir að hún sé í þann veginn að leggja fram tillögu í þeim tilgangi að útskýra tilskipunina nánar en ekki sé unnt að hefjast handa fyrir en áður nefndur frestur rennur út.

Því ber að gera aðildarríkjunum kleift, með því að lengja þennan frest, að taka þær breytingar, sem kunna að hafa verið gerðar á ákvæðum tilskipunarinnar, með þegar þau taka ákvæði hennar upp í landslög.

Þó er ekki þörf á að breyta tveggja ára frestinum sem er settur í öðrum málslið fyrstu málsgreinar 15. gr. í téðri tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 15. gr. tilskipunar 73/241/EBE komi eftirfarandi texti sem öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1974:

„Fyrir 1. janúar 1975 skulu aðildarríkin, ef nauðsyn ber til, breyta lögum sínum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau lög, sem þannig er breytt, skulu gilda um vörur sem boðnar eru til sölu í aðildarríkjunum í tvö ár eftir birtingu þessarar tilskipunar.“

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkja.

Gjört í Brussel 1. ágúst 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

B. DESTREMAU

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.